

Skrifstofa Ásahrepps

Laugalandi, 851 Hella

Sími: 487-6501 • Fax: 487-6504 • Netfang: asahreppur@sudurland.is • Kt. 430169-0339

Alþingi

Erindi nr. P 127/214

komudagur 22.11.2001


Laugalandi 21.11.2001

Umhverfisnefnd Alþingis
b/t Helga E. Þórisdóttir
Alþingi
150 Reykjavík

Á fundi hreppsnefndar Ásahrepps 20.11.2001 var tekin fyrir frá Umhverfisnefnd Alþingis tillaga til þingsályktunar um stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni.

Hreppsnefnd Ásahrepps bendir á að þegar hefur verið stofnað Heklusetur sem hefur það að markmiði að varðveita og kynna jarðsögu Heklu. Heklusetrið er staðsett að Leirubakka í Holta- og Landsveit. Hreppsnefndin styður ekki tillögu um stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni og bendir þingmönnum á að kynna sér starf heimamanna.

Virðingarfyllst,


Jónas Jónsson
oddviti



Umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK


Reykjavík 10. desember 2001
SP/hó

Efni: Þingsályktunartillaga um stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni, 158. mál
Tilv:01110019

Vísað er í bréf umhverfisnefndar Alþingis dags. 14. nóvember sl. varðandi ofangreinda tillögu.

Bændasamtök Íslands leggjast ekki gegn tillögunni, en samtökin leggja áherslu á, að nefnd sú sem skipuð kann að verða til að undirbúa stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni, taki fullt tillit til atvinnuhagsmuna og miði við það, að ekki verði raskað búskaparaðstöðu á svæðinu.

Virðingarfyllst,
f.h. Bændasamtaka Íslands


Sigurður Þorgeirsson

Alþingi
Erindi nr. P 127/303
komudagur 30.11.2001

Djúpárhreppur

Samkomuhúsi Þykkvabæjar, 851 Hella.
s-487-5639 fax 487-5611 gsm 861-5639

Þykkvabæ 30. nóvember 2001.

Nefndasvið Alþingis, Umhverfisnefnd,
b.t. Helgu E. Þórisdóttur
Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík.

Varðar: Tillögu til þingsályktunar um stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni.


Á fundi sveitarstjórnar Djúpárhrepps, 21. nóvember sl. var áðurnefnd tillaga að þingsályktun tekin fyrir. Ákveðið var samhljóða að senda jákvæða umsögn um þetta mál.

Þetta tilkynnist hér með f.h. Djúpárhrepps,


Oddviti.

Frumrit póstsent.

Ferðamálaráð Íslands



Icelandic Tourist Board
Alþingi

Erindi nr. P 127/420

komudagur 10.12.2001

Reykjavík 5. desember 2001

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni.

Í þingsályktuninni er lagt til að umhverfisráðherra verði falið að skipa nefnd er hafi það hlutverk að undirbúa stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni. Það er skoðun Ferðamálaráðs Íslands að eðlilegra væri að skipa nefnd til að kanna forsendur fyrir stofnun slíks þjóðgarðs. Í slíkri nefnd gæfist tækifæri til að kanna kosti og galla stofnunar þjóðgarðs með tilliti til hagsmuna ferðaþjónustunnar. Það er skoðun ráðsins að með samþykkt tillögunnar óbreyttrar felist í reynd samþykkt þess að stofna umræddan þjóðgarð. Því telur ráðið að fyrst sé eðlilegt að kannaðar verði forsendur slíkrar stofnunar og leggur áherslu á aðkomu ferðaþjónustunnar að slíkri könnun.

Ferðamálaráð Íslands,

Magnús Oddsson
ferðamálastjóri

Alþingi
Erindi nr. D 127/507
komudagur 13.12.2001



Reykjavík, 6. desember 2001


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Umsögn um tillögu til þingsályktunar um um stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni. 127. löggjafarþing 2001–2002. Þskj. 159 – 158. mál.

Félagi íslenskra náttúrufræðinga hefur borist bréf yðar þar sem leitað er umsagnar félagsins um þingsályktunartillögu þar sem ályktað er að fela umhverfisráðherra að skipa nefnd er hafi það hlutverk að undirbúa stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni.

Félag íslenskra náttúrufræðinga er eindregið fylgjandi því að tillagan verði samþykkt.

Fyrir hönd Félag íslenskra náttúrufræðinga,


Ina Björg Hjálmarsdóttir
formaður FÍN


Gunnlaug Einarsdóttir
f.h. umhverfisnefndar FÍN



FÉLAG LEIÐSÖGUMANNA
Mörkin 6 • 108 Reykjavík • e-mail: leidsaga@tv.is
TELEPHONE: + 354 588 8670 • FAX: 568 9875
ICELAND TRAVEL GUIDES' ASSOCIATION
VERBAND ISLÄNDISCHER REISELEITER
Kennitala 510772-0249

Alþingi
Erindi nr. P 127/289
komudagur 29.11.2001

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík 27. nóvember 2001.

Félaginu hefur borist þingsályktunartillaga á þskj. 159-158 mál. Um er að ræða þingsályktunartillögu um stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni. Verði tillagan samþykkt verður umhverfissráðherra falið að skipa nefnd, er hafi það hlutverk að undirbúa stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni. Samkvæmt tillögunni yrði megin markmiðið með þjóðgarðinum að varðveita og kynna jarðsögu Heklu.

Félag leiðsögumanna telur það vera flestum stofnunum á Íslandi ofviða að ætla sér að varveita jarðsögu Heklu, þar sem hún er væntanlega í stöðugri framþróun og mun taka óendanlegum breytingum um ókomnar aldir. Félagið er hins vegar sammála því að með stofnun þjóðgarðs um Heklu yrði lögð sérstök áhersla á kynningu jarðsögunnar. Hekla er í hópi frægust eldfjalla heims, því eru bundnar þjóðsögur, trú á yfirskilvitlega krafta og á öldum áður var þetta eldfjall talið vera eini inngangurinn á jarðríki inn í hinn eilífa eld Vitis. Þetta eru atriði sem gert hafa Heklu að einu helsta aðdráttarafli ferðamanna á Íslandi og mikill fjöldi þeirra leggur þangað leið sína ár hvert.

Það er því verðugt verkefni fyrir íslenska fræðimenn að fást við kynningu á jarðsögu þessara stórbrotnu náttúruafla og gera þau skiljanleg öllum almenningi. Því telur Félag leiðsögumanna augljóst að í þjóðgarði þessum myndi starfa jarðsöguleg upplýsingastofnun. Við ráðningu forstöðumanns slíkrar stofnunar þætti félaginu eðlilegt að tekið yrði mið af fræðimanni úr jarðvísindagreinum. Jafnframt þætti félaginu við hæfi að um vel menntaðan leiðsögumann ferðamanna yrði að ræða.

Virðingarfyllst


Borgþór S. Kærnested
formaður Félags leiðsögumanna

Alþingi
Erindi nr. P 127/469
komudagur 11.12.2001

GNÚPVERJAHREPPUR

KENNITALA 580169-6949

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Árnesi, 7. des. 2001.

Efni: Afstaða hreppsnefndar Gnúpverja til tillögu til þingsályktunar um stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni.


Á fundi hreppsnefndar Gnúpverja, hinn 6. des. 2001, var tekið fyrir erindi yðar varðandi þjóðgarð um Heklu, dags. 14. nóvember 2001.

Eftirfarandi var bókað:

Hreppsnefnd treystir sér ekki til að taka afstöðu til ofangreindrar tillögu, þar sem nánari útfærslu á hugmyndinni vantar.

Ofangreindu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. hreppsnefndar Gnúpverjahrepps



Bjarni Einarsson
oddviti.



Umhverfisnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Bt. Helgu Þórisdóttur

30. nóvember 2001

Efni:

Umsögn þingsályktunartillögu um stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni, 158. mál

Vísað er í bréf umhverfisnefndar dagsett 14. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn Landverndar vegna þingsályktunartillögu um stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni. Í tillögunni er lagt til að umhverfissráðherra skipi nefnd er hafi það hlutverk að undirbúa stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni, með það megin markmið að varðveita og kynna jarðsögu Heklu.

Landvernd tekur undir málflutning í greinargerð sem fylgir tillögunni þar sem færð eru fjölmörg rök fyrir verndargildi svæðisins og mikilvægi þess að gera það aðgengilegra fyrir þá sem þar vilja njóta útivistar og sækja fróðleik um náttúrufer og þau áhrif sem Heklugos hafa haft á sögulegum tíma.

Íslenska náttúra hefur upp á mikið að bjóða og þjóðgarðar eiga að sýna það markverðasta og dæmigerðasta. Hekla er einstök bæði á landsvísi og heimsvísi og uppfyllir því þetta skilyrði.

Að mati Landverndar er það langtímaverkefni að byggja upp net af þjóðgördum sem endurspeglar einkenni landsins eða einstakar landslagsgerðir. Líta má á þetta verkefni sem lið í því að vernda íslenskrar náttúru og mikilvæg vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni. Hafa verður til hliðsjónar dreifingu þjóðgarða á landshluta þannig að þjóðgarðar geti átt þátt í því að efla búsetu á landsbyggðinni.

Svo þjóðgarðar standi undir nafni þurfa þeir að hafa aðstöðu fyrir gesti, veita þjónustu og halda uppi nauðsynlegu eftirliti. Þetta er kostnaðarsamt verkefni sem hefur verið fjármagnað af ríkissjóði. Takmarkaðar fjárveitingar hafa tafið nauðsynlega uppbyggingu þeirra þjóðgarða sem þegar eru í landinu. Við mat á fjárveitingum verður að hafa í huga að rannsóknir bæði hér á landi og erlendis benda til þess að fjármagn sem varið er til uppbyggingu og reksturs þjóðgarða skili sér aftur með öflugri ferðaþjónustu.

Nú eru fjórir þjóðgarðar í landinu; á Þingvöllum, Jökulsárgljúfrum, Skaftafelli og við Snæfellsjökul. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull var stofnaður sl. sumar. Þar er framundan mikið starf við uppbyggingu á þjónustu og aðstöðu sem þarf að vera fyrir hendi svo

Þjóðgarðurinn standi undir nafni. Á árinu 2002 verður Þjóðgarðurinn í Skaftafelli stækkaður og fær nýtt nafn, Þjóðgarðurinn Vatnajökull. Þar verður þörf fyrir mikla uppbyggingu innviða og eftirliti og leiðsögn fyrir gesti, sérstaklega ef aðliggjandi svæði, s.s. Lónsöræfi, Snæfellssvæðið og Lakagígar verða feld undir þjóðgarðinn.

Landvernd telur mikilvægt að mörkuð verði stefna til lengri tíma um uppbyggingu þjóðgarða á Íslandi¹ og að framangreind tillaga um þjóðgarð um Heklu og nágrenni verði metin innan ramma slíkrar áætlunar. Náttúrverndaráætlun, sem á að liggja fyrir á árinu 2002, mun eflaust nýtast vel til að meta hvaða svæði sé æskilegt að fella undir þjóðgarð. Einnig þarf að gera áætlun til lengri tíma um nauðsynlega uppbyggingu á akvegum, gönguleiðum, þjónustustöðum og öðrum atriðum sem eru forsenda fyrir sómasamlegum rekstri þjóðgarða. Vel mætti hugsa sér friðlýsingu Heklu og nágrennis sem fyrsta skrefið í áformum um stofnun þjóðgarðs þar. Sú friðlýsing gæti verið með þeim þeim hætti að svæðið tengist friðlandi að Fjallabaki.

Virðingarfyllst,


Tryggvi Þorláksson

frankvæmdastjóri Landvernd

¹ Við val á svæðum fyrir þjóðgarða þarf að hafa eftirfarandi atriði í huga:

- Þjóðgarðar eiga á ná yfir stórbrotin landsvæði sem hafi hátt verndargildi eða búa yfir sérstöku aðdráttarafli vegna sjónrænna áhrifa náttúrfyrirbirgða og landslags.
- Mörk þjóðgarða á að miða við heilstæðar landslagsgerðir eða vistkerfi á svæðum sem lítið sem ekkert hefur verið raskað.
- Innan þjóðgarðar eiga að vera góð dæmi um íslenska náttúru eða landslag.
- Í þjóðgördum á að vera hægt að stunda rannsóknir og útivist og ferðaþjónustu án þess að það valdi skaða og miða verður skipulag og uppbyggingu innviða við þetta markmið.
- Til lengri tíma lítið þarf að gæta þess að þjóðgarðar verði í öllum landshlutum og að þeir nýtist sem aflvaki í atvinnulífi aðliggjandi byggða.



Nefndarsvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Þórshamri
v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2001
Snr. 004/GP

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni

Náttúruvernd ríkisins hefur borist erindi umhverfisnefndar Alþingis dags. 14. nóvember síðastliðinn þar sem óskað er eftir umsögn Náttúruverndar ríkisins um framanskráða þingsályktunartillögu. Náttúruvernd ríkisins fagnar framlagðri tillögu til verndar Heklu, eins þekktasta eldfjalls landsins.


Í tillögu um stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni er ekki fjallað um tillögu að mörkum eða hvaða reglur þurfi að setja til verndar svæðinu. Því er líklegt að nefnd sú sem lagt er til að umhverfisráðherra skipi fái það hlutverk að koma með tillögu að mörkum svæðisins og reglum sem þar skulu gilda. Til þess að sátt náist um stofnun, mörk og reglur leggur Náttúruvernd ríkisins áherslu á að heimamenn, bæði fulltrúar landeigenda og sveitarstjórna eigi sæti í nefnd um stofnun þjóðgarðs um Heklu.

Árið 1995 voru hugmyndir um stofnun Heklufríðlands en vegna nokkurra andmæla ákvað Náttúruverndarráð að leggja tillöguna til hliðar og fresta vinnu að friðlýsingu svæðisins ótímabundið. Tillagan að friðlýsingu byggði á áskorun vísindamanna og heimamanna um að Hekla og söguleg Hekluhraun verði friðlýst sem náttúruvætti og tilgreint svæði umhverfis Heklu lýst friðland samkvæmt lögum um náttúruvernd.

Náttúruvernd ríkisins bendir á að Hekla og nágrenni er á náttúruminjaskrá og liggja austurmörk svæðisins að vesturmörkum friðlands að Fjallabaki og ætti því etv. að skoða þann möguleika að sameina svæðin. Til frekari upplýsinga um sérstöðu svæðisins fylgja ljósrít af erindi sem Bryndís Brandsdóttir flutti á borgarafundi sem haldinn var á Hellu í desember 1995, en þá var Bryndís formaður friðlýsinganefndar Náttúruverndarráðs. Einnig fylgir ljósrít af áður nefndri áskorun vísindamanna og heimamanna um friðlýsingu Heklusvæðisins.

Virðingarfyllt


Árni Bragason
forstjóri


Guðríður Þorvarðardóttir
sviðsstjóri

Náttúruvernd ríkisins

Erindi Þingdísar Eiríksdóttur 12.95
Flutt á Hella 1. des. 1995

Hekla í fortíð, nútíð og framtíð

Ef jarðfræðingar eða sagnfræðingar eru spurðir að því hvert sé frægasta eldfjall á Íslandi, þá svara þeir í kór, HEKLA er frægasta eldfjall Íslands.

Hekla er frægasta eldfjall Íslands vegna þess að hún hefur oftari valdið landsmönnum búsyfjum en nokkurt annað eldfjall í landinu frá því að sögur hófust. Forfeður okkar óttuðust Heklu og ekki af ástæðulausu þar sem eldgosum í henni fylgdi ævinlega mikið öskufall sem í gengum tíðina hefur valdið tjóni víða um land. Slík ógn stóð af Heklu að menn fyrr á öldum töldu hana vera annað af hliðum helvítis, en hitt var í Etnu á Sikiley. Hekla hefur því allt frá landnámi gegnt mikilvægu hlutverki í katólskum sið og veit ég ekki til þess að þáfinn í Róm hafi afneitað henni ennþá sem aðalhliði Heljar.

Elsta frásögn af Heklugosi sem til er var rituð af munkinum Herbert á árunum 1178-1180. Jakob Benediktsson þýddi þann hluta frásagnar Herberts sem snertir Ísland eða Hyslandia, eins og Herbert (eða Herbertus) munkur kallar landið og birtist sú þýðing hans í grein Sigurðar Þórarinssonar í Náttúrufræðingnum árið 1952. Sigurður telur að í lýsingu sinni blandi Herbert saman lýsingum á tveimur fyrstu Heklugosunum (1104 og 1158) og kryddi hana með lýsingu á jökulhlaupi (sennilegast úr Kötlu) og eldgosu í sjó (sennilegast útaf Reykjanesi).

Grípum nú niður í lýsingu Herberts á Heklu. Þar segir; Norður í heimi er vitað um stóra eyju sem kölluð er Hyslandia og tekið hefur kristna trú. Á henni er fjall eitt nokkurt, bratt og geysimikið, sem tekur yfir mikinn hluta landsins, en undir því og í því telja íbúarnir, að sé hið mesta víti. Fjall þetta er allt fullt af hellum og holt að innan, brennur allt og spýr logum, og stendur í sífelldu eldsbáli, sem lýsir sig um og eyðir fjallið að utan og innan allt niður að rótum og jafnvel út fyrir fjallsræturnar. Öruggerki sanna sem sé að þessi skelfilegi eldur lifir og æðir ekki aðeins undir rótum fjallsins, heldur einnig undir mararbotni (hér er Herbert sennilega að vísa til eldgosa útaf Reykjanesi). Hinn nafnfrægi eldketill á Sikiley, sem kallaður er strompur vítis (það er Etna) en þangað eru dregnar sálir dauðra, fordæmdra manna til brennslu, eins og oft hefur verið sannað, hann er að því er menn fullyrða eins og smáofn í samjöfnuði við þetta gífurlega víti (á Íslandi).

Þótt segja megi að lýsingar Herberts séu í nokkrum æsifréttastíl, því vart er hún skráð í þeim tilgangi að verða heimild um íslenska eldfjallasögu, heldur var hennar tilgangur sá að hræða synduga frá villunar vegi, þá megi samt lesa úr henni hversu mikil áhrif eldsumbrotin hérlendis hafa haft á fyrstu kynslóðir Íslendinga. Sigurður Þórarinnsson telur að Herbert munkur hafi með sínu skrifti grundvallað þá firinfrægð sem Hekla (eða Heklufell eins og Herbert kallar hana) síðan hefur haldið um aldir, enda hefur Hekla ekki látið sitt eftir liggja, með einu stórgosi á öld að jafnaði síðan sögur hófust. Og margir munu þeir sem á umliðnum öldum hafa reynt að halda sér á hinum þrönga vegi af ótta við það gífurlega helvíti úti á Hyslandia sem nefndist Heklufell.

Margar merkar lýsingar eru til af ferðalögum og rannsóknarleiðöngrum á Heklu sem of langt mál yrði að rekja hér. Þó vil ég minnst á skopteiknarann og kímnihöfundinn Albert Engström, sem ásamt 2 samlöndum sínum (Svíum) og Ingjaldi bónda í Galtalæk gekk á Heklu sumarið 1911. Ferðasaga Alberts, sem hann nefndi "til Heklu" (Åt Häcklefjäll) var gefin út af Steindórsprenti árið 1943, í íslenskri þýðingu Ársæls Árnasonar. Segja má að Albert sé fróðleg blanda af, listamanni, heimspekingi og vísindamanni, með mikla kímniáfu. Það sést strax á heiti ferðasögu hans til Heklu. Því að í Svíþjóð er mönnum ekki sagt að fara til helvítis eða að fara norður og niður á sama hátt og hérlendis, heldur segja Svíar, "Dra åt Häcklefjäll". Sem á íslensku útleggst, farðu í Heklu.

Heyrum nú hluta af lýsingu Alberts á tilverunni þegar hann og ferðafélagar standa í fegursta veðri á hátindi Heklu. Albert segir; "Þetta er æfintýraland og í sannleika, á Heklu hefir guð aðsetur sitt, enda þótt stundum hafi virst svo sem kvein fordæmdra sálna heyrðust innan úr dýpstu fylgsum hennar." Svo segir Albert; "Hér urðum við Wulff að taka upp þá fáu koníaksdropa, er við höfðum geymt til þessa og skála fyrir fegurðinni í fullkornleika sínum. Aldrei hefir himinhvolfið verið svo fagurt yfir fögrum hluta jarðarinnar. Við húrrum og reynum að fá fylgdarmann okkar með til þess að lofa skaparann á þennan óbrotna hátt, en hann er þá að þjarka við Ingjald og þeir láta sig engu skipta það, sem hér er að sjá, enda þótt kandidatinn sé hér í fyrsta sinn og Ingjaldur hafi aldrei komið á Heklu í svo góðu skyggni í allar áttir. Það kvað vera mjög sjaldgjæft. Þeir fáu höfundar, sem nennt hafa upp á efsta tindinn og ég hefi lesið frásagnir eftir,

kvarta allir um þoku, storma og önnur svo eða svo mikil óþægindi. En Wulff kann ekki við að vera aðeins fullur aðdáunar, en athafnalaus að örðu leyti. Hann verður að hafast eitthvað að. Hann verður að fá sér snjóbað uppi á Heklu og þýtur því niður brattann að norðanverðu. Mr Lawson fær hugboð um að hér sé eitthvað sérstakt að gerast og þýtur á eftir á kóngulóarfótum sínum. Þegar niður á fönnina kemur, fer Wulff úr öllu og veltir sér alsberum í snjónum. Nú gengur yfir Ingjald, jafnvel þó að hann sjái þetta með sínum eigin augum. Hvað er eiginlega við það sem menntun heitir, þegar doktor getur tekið upp á þessum fáfjánaháttum."

Þessi lýsing endurspeglar það sem við vitum, að heimsókn á Heklutind í góðu veðri lætur engan ósnortinn. Það reyndi ég sjálf þegar ég ásamt tveimur öðrum jarðfræðingum gekk á fjallið í logni og heiðskíru veðri laugardaginn fyrir páska 1981, til þess að rannsaka smágos sem orðið hafði í fjallinu þessa sömu viku.

En víkjum nú að gossögu Heklu.

Hekla tengir saman Suðurlandsskjálftabeltið og eystra gosbeltið, sem liggur frá Vestmannaeyjum, um Eyjafjallajökul, Tindfjöll og Kötlum, Vatnajökul og norður í land. Vegna legu sinnar, í útjaðri eins þéttbýlasta héraðs landsins, hafa eldgos í megineldstöðinni Heklu eftir landnám, varla farið framhjá neinum. En 1100 ár eru aðeins brot af æviferli Heklu. Enginn veit hvenær Hekla varð til eða hvernig. Móbergsfjöllin umhverfis hana (þ.e. Næfurholtsfjöll, Valafell, Rauðfossafjöll, og Vatnafjöll) hafa orðið til við eldgos undir jökli, þegar ísöldin ríkti fyrir meira en 10.000 árum. Með tilkomu öskulagarannsóknar Sigurðar Þórarinssonar fékkst síðan vitneskja um stærstu Heklugosin frá lokum ísaldar til vorra daga. Með því að skoða ljós og dökk öskulög í mýrum landsins komst Sigurður að því að stærstu gosin frá Heklu urðu fyrir landnám. Sigurður fann fjögur ljós öskulög, sem féllu fyrir 7100 (H5), 4500 (H4), 4300 (Selsund) og 2900 (H3) árum í stórum sprengigosum í Heklu. Sem betur fer bjó enginn hér á Íslandi þá, því vafalaust hafa þessi fjögur stórgos í Heklu eytt stórum hluta af þáverandi gróðri landsins og hungursneið hefði fylgt í kjölfarið. Sem dæmi má nefna að askan frá gosinu fyrir um 4500 árum (H4) barst um allt land og finnst einnig í Skandinavíu. Gosinu fyrir um 4300 árum (Selsund)

fylgdi gjóskuflóð svipað því sem við þekkjum frá gosinu í St. Helens fjalli í Bandaríkjunum 1980 og gosinu í Vesúvíusi 79 e.kr. sem eyddi borgina Pompei og Herkúlaneum við Napólíflóa á Ítalíu. Þá hljóp heit gjóskuleðja frá Heklu suður með austanverðu Selsundsfjalli, og þaðan til vesturs, í áttina að Ytri-Rangá. Fljóðið hefur ferðast með allt að 100 km hraða og eyddi öllu sem á vegi þess varð. Talandi dæmi um afleiðingar þessa goss eru leifar af stórvöxnum birkiskógi sem finnast í vikrinum við Selsund. Jarðfræðingarnir Haukur Jóhannesson og Sigmundur Einarsson telja að mikil askja, (svipuð Öskju í Dyngjufjöllum eða Grímsvötnum í Vatnajökli) hafi myndast umhverfis núverandi Hekluhrygg í þessu gosi, en síðan fyllst af hraunum og sér hennar því lítil sem engin merki á yfirborði í dag.

Fyrsta og jafnframt stærsta gosið í Heklu eftir landnám, árið 1104 lagði eyði byggðina í Þjórsárdal og byggð í ofanverðum Hrunamanna og Biskupstungnahreppum. Nú er talið að alls hafi gosið 22 sinnum í Heklu eða næsta nágrenni hennar eftir landnám (þar af eru 17 gos úr fjallinu sjálfu). Annað stórgos á sögulegum tíma varð um hásláttinn sumarið 1510. Þetta gos olli miklum skaða í byggðum Suðurlands og talið er að það hafi valdið þar meiri skaða en gosið 1104, því uppblástur á Landi og Rangárvöllum hófst í kjölfar þessa goss og varð ekki stöðvaður fyrr en með stórátakinu í sandgræslu í byrjun þessarrar aldar.

Hekla er duttlungafullt eldfjall sem sífellt kemur okkur jarðvísindamönnum á óvart. Nægir þar að nefna að þegar menn töldu sig hafa staðfest það, eftir gosið 1947-1948, að Hekla gysi að jafnaði u.þ.b. tvisvar á öld, hafa gosið 14 sinnum frá landnámi, þá fór hún að gjósa á 10 ára fresti (1970, 1980-1981, 1991). Því er svo komið að núna þorir enginn jarðvísindamaður að spá næsta Heklugosi.

Hekla er líka ákaflega lúmsk og kemur mönnum að óvörum. Sögur segja frá því að að litlir fyrirvarar hafa verið á eldsuppkomum í Heklu í gegnum tíðina. Menn hafa merkt jarðhræringar á svipuðum tíma og fyrstu drunurnar úr viðkomandi gosi. Jafnvel í dag, á tækniöld, með jarðskjálftamæli á Litlu-Heklu og ýmis önnur mælitæki, kemur Hekla okkur að óvörum. Einungis hálf tíma fyrirvari var á síðasta gosi, en skjálftamælir næst Heklu sýndi aukinn titring undir fjallinu hálf tíma áður gosið hófst. Hekla er því hættulegt eldfjall vegna þess hversu eldsumbrot í henni gera lítil boð á undan sér.

Einu langtíma fyrirboðarnir sem þekktir eru, eru þeir að lækir í nágrenni Heklu hafa minnkað til muna og stundum þornað upp, nokkrum mánuðum og allt að 2 árum fyrir gos. Ætla má að þessar breytingar á vatnsrennsli stafa sennilega af breytingum á landhæð umhverfis fjallið. Ef að fjallið og næsta nágrenni þess fer að tútna út, má vænta þess að grunnvatnsborð lækki. Til þess að staðfesta þessa kenningu er nú lögð mikil áhersla á að landmæla Heklu reglulega. Nýjustu landmælingar umhverfis Heklu benda til þess að fjallið sé að tútna út. Hvað úr því verður er erfitt að segja en víst er að ákaflega mikilvægt er að fylgjast náið með Heklu þannig að hægt sé að vara menn við eldsumbrotum í framtíðinni.

En hver verður framtíð Heklu?

Við getur verið viss um eitt, Hekla sér um sig sjálf. Veraldarvafstur okkar mannanna kemur lítið við Heklu. Fyrir henni erum við lítið meira en maurar á mykjuskán. Hvað við mennirnir gerum er svo annað mál. Við verðum að lifa með Heklu og umgangast hana af virðingu.

Náttúruvernarráð ákvað fyrir fjórum árum að setja Heklu, ásamt hraunum hennar á Náttúruminjaskrá. Í því felst sá vilji ráðsins að Heklusvæðið sé svæði sem sé þjóðinni mikils virði að eiga og vart eða ekki verði bætt, sé því raskað. Því þótt Hekla geti verið skaðvaldur þá er hún eitt af þjóðarverðmætum okkar Íslendinga.

Tólfta apríl 1994 barst Náttúruverndarráði síðan áskorun um að friðlýsa Heklu frá ábúendum jarða við Heklurætur ásamt vísindamönnum sem rannsakað hafa jarðfræði og gróðurfar Heklusvæðisins. Þetta bréf, sem 26 aðilar skrifuðu undir, varð okkur mikil hvatning og segja má að þessi áskorun sé tilefni þessa fundar hér í dag.

Í áskorunni segir m.a. "Tilefni þessarar áskorunar eru hugmyndir sem uppi eru um víðtæka uppbyggingu ferðamannaþjónustu í Hekluhlíðum og lagningu akvegna á Heklu. Við teljum slík umsvif á þessu ósnortna svæði ekki einungis alvarleg náttúruspjöll heldur einnig gífurlegt hættuspil. Það er mikill ábyrgðarhluti að hvetja fjölda fólks til að leggja leið sína á gígbarma svo virks eldfjalls sem Hekla er. Aðeins 10 til 20 ár hafa liðið milli síðustu gosa úr fjallinu og engin trygging er fyrir að ekki verði enn styttra milli gosa í framtíðinni. Þá er Hekla ein fárra eldstöðva á Íslandi sem gerir

ekki boð á undan gosi með merkjanlegum jarðskjálfta".

Í áskorunni segir einnig. "Varðandi framkvæmd friðlýsingarinnar viljum við leggja áherslu á nokkur atriði. Við viljum alls ekki amast við ferðamennsku og umferð almennings um Heklusvæðið, svo framarlega sem umferðin spillir ekki ásýnd þess. Við sem höfum búið og starfað í nágrenni Heklu höfum kynnst viðhorfum ferðamanna og jafnan greitt götu þeirra eftir bestu getu. En okkur hefur líka orðið ljóst að ferðamenn sem koma á þetta svæði eru fyrst og fremst að sækjast eftir að njóta óspilltrar náttúru og takast á við þá ögrun sem ferð um slíkar slóðir er. Við teljum aðkallandi að gera nákvæmt kort yfir svæðið, þar sem fram koma keyfðar ökuleiðir og bestu gönguleiðir um svæðið, svo og leiðbeiningar og upplýsingar um helstu hættur sem ferðamenn þurfa að reikna með. Stuðla þarf að dreifingu slíkra upplýsinga til allra ferðamanna sem koma á Heklusvæðið. Við viljum banna umferð velknúinna ökutækja utan vega og slóða á auðri jörð, en höfum ekkert að athuga við slíka umferð á þéttum snjó. Girðingar yfir söguleg Hekluhraun skulu aðeins leyfðar séu þær nauðsynlegar fyrir verndun svæðisins og spilli ekki ásýnd þess. Þær mega ekki hefta umferð gangandi fólks."

Náttúruverndarráð hefur í ljósi ofangreindrar áskorunar og í samvinnu við ýmsa sérfræðinga unnið að undirbúningi að friðlýsingu Heklusvæðisins. Náttúruverndarráð boðar til þessa fundar til þess að ræða við ykkur um framtíð Heklu, til þess kynna sýnar hugmyndir um væntanlega friðlýsingu og til þess að heyra ykkar skoðanir á því hvert framtíðarskipulag svæðisins eigi að vera.

Kristján Geirsson jarðfræðingur mun kynna tillögur náttúruverndarráðs og síðan mun Aðalheiður Jóhannsdóttir lögræðingur kynna markmið og lagalegt hlutverk friðlýsingarinnar.

Reykjavík, 12 apríl 1994

Til: Náttúruverndarráðs

Frá: áhugamönnum um friðlýsingu Heklu og nágrennis

Efni: Áskorun til Náttúruverndarráðs um að Hekla og söguleg Hekluhraun verði friðlýst sem náttúruvætti samkvæmt lögum um náttúruvernd (nr 47/1971). Einnig er lagt til að tilgreint svæði umhverfis Heklu verði lýst friðland.

ÁSKORUN

Við undirrituð, ábúendur jarða við Heklurætur, ásamt vísindamönnum sem hafa stundað rannsóknir á Heklu og Hekluhraunum, skorum á Náttúruverndarráð að friðlýsa Heklu sem náttúruvætti skv 22. gr. náttúruverndarlaga, og ennfremur að hraun sem hafa runnið frá fjallinu á sögulegum tíma verði lýst friðlönd skv. 24. grein náttúruverndarlaga.

Tilfni þessarar áskorunar eru hugmyndir sem uppi eru um víðtæka uppbyggingu ferðamannþjónustu í Hekluhlíðum og lagningu akvegar á Heklutind. Við teljum slík umsvif á þessu ósnortna svæði ekki einungis alvarleg náttúruspjöll, heldur einnig gífurlegt hættuspil. Það er mikill ábyrgðarhluti að hvetja fjölda fólks til að leggja leið sína á gígbarma svo virks eldfjalls sem Hekla er. Aðeins 10 til 20 ár hafa liðið milli síðustu gosa úr fjallinu og engin trygging er fyrir að ekki verði enn styttra milli gosa í framtíðinni. Þá er Hekla ein fárra eldstöðva á Íslandi sem gerir ekki boð á undan gosi með merkjanlegum jarðskjálfta.

Hekla ásamt allstóru svæði í nágrenninu eru nú þegar á náttúruminjaskrá (sjötta útgáfa, 1991). Samkvæmt skilgreiningu í náttúruminjaskrá eru náttúruminjar svæði eða staðir sem ekki hafa verið friðlýst enn, en hafa eitthvað það til að bera sem þjóðinni er mikils virði að eiga og vart eða ekki verður bætt, sé því raskað. Af fyrrgreindum ástæðum teljum við að nú sé tímabært og nauðsynlegt að friðlýsa þessar viðurkenndu náttúruminjar. Munum við nú færa rök fyrir því að 22. og 24. grein laga um náttúruvernd nr 47/1971 eigi hér við. Í 22. grein segir svo:

Náttúruverndarráð getur friðlýst sérstæðar náttúrumyndanir, svo sem fossa, eldstöðvar, hella, dranga, svo og fundarstaði steingervinga og sjaldgæfra steintegunda, ef telja verður mikilvægt að varðveita þær sakir fræðilegs gildis þeirra eða þess, að þær eru fagrar eða sérkennilegar. Náttúrumyndanir sem friðlýstar eru samkvæmt þessu ákvæði, nefnast náttúruvætti.

Að Hekla sé fögur og sérkennileg hefur ekki verið dregið í efa að minnsta kosti ekki af þeim sem kunna að nema náttúruvegur yfirleitt. Ekki reynum við að færa rök að fegurðarskyni, en það er auðvelt að sjá og sýna fram á þegar slíkri fegurð hefur verið spillt. Nú þegar hefur orðið umhverfisslys í austurhlíðum Heklu þegar ruddur var þráðbeinn vegur yfir sögulegt hraun, langleiðina upp að stærsta gígnum frá 1991.

Um fræðilegt gildi Heklu og umhverfis verður tæplega deilt. Frá fornu fari hefur Hekla verið eitt þekktasta eldfjall á Íslandi, einkum vegna þess hve mikil áhrif gos hennar á liðnum öldum höfðu á líf fólksins í landinu. Víðtækar rannsóknir innlendra og erlendra vísindamanna hafa staðfest sérstöðu hennar meðal íslenskra eldstöðva. Hún er ein yngsta og virkasta megineldstöð landsins. Saga hennar í jarðfræðilegu samhengi er betur þekkt en flestra íslenskra eldstöðva, og má líkja kortlagningu hrauna hennar

og öskulaga við handritarannsóknir um sögu Íslands. Enn er unnið að kortlagningu hrauna og öskulaga, en þekking á þeim er grundvöllur öskulagatímatala fyrir Ísland. Niðurstöður rannsókna á bergfræði og efnafræði gosefna frá Heklu hafa styrkt sérstöðu hennar, og geta ef til vill, ásamt jarðeðlisfræðilegum rannsóknum, gert mögulegt að spá um hegðun hennar í framtíðinni. Þá hafa ítarlegar rannsóknir á gróðurfari á sögulegum Hekluhraunum aukið skilning á landnámi og þroska gróðurs á hraunum.

Í 24. grein náttúruverndarlaga segir svo:

Landssvæði sem mikilvægt er að varðveita sakir sérstaks landslags, gróðurfars eða dýralífs, getur Náttúruverndarráð friðað í heild, og nefnast þau landsvæði friðlönd. Má þar ekki raska náttúrufari né gera mannvirki, sem spilla svip landsins. Í friðlýsingu skal nánar kveðið á um hversu víðtæk friðunin er, að hve miklu leyti framkvæmdir á landinu eru takmarkaðar, umferð og umferðarrétt almennings og notkun veiðiréttar. Þá mega og fylgja friðlýsingu fyrir mæli um nauðsynlegar aðgerðir til þess að almenningsur njóti svæðisins, svo sem um lagningu göngustíga, girðingar og þess háttar.

Vegna þess að Hekluhraunin eru svo órjúfanlegur hluti Heklu sjálfrar bæði í sögulegu tilliti og fagurfræðilegu, þykir okkur sjálfsagt að lýsa þau friðland, a.m.k. hin sögulegu, til þess að náttúruvættið Hekla fái notið sín. Friðlýsing samkvæmt 24. grein náttúruverndarlaga krefst sértækra skilgreininga á hversu víðtæk friðunin skuli vera, og óska undirrituð eftir því að vera höfð með í þeim ráðum. Varðandi framkvæmd friðlýsingar viljum við leggja áherslu á nokkur atriði. Við viljum alls ekki amast við ferðamennsku og umgengni almennings um Heklusvæðið, svo framarlega sem umgengnin spillir ekki ásýnd þess. Við sem höfum búið og starfað í nágrenni Heklu höfum kynnst viðhorfum ferðamanna, og jafnan greitt götu þeirra eftir bestu getu. En okkur hefur líka orðið ljóst að ferðamenn sem koma á þetta svæði eru fyrst og fremst að sækjast eftir að njóta óspilltrar náttúru og takast á við þá ögrun sem ferð um slíkar slóðir er.

Nú hefur verið lagður hringvegur umhverfis Heklu og Hekluhraun, og er hann fær fjórhjóladrifnum bílum að sumarlagi, og frá honum er öllu sæmilega gangfæru fólki auðveldt ganga á Heklu með góðri leiðsögn. Lagningu göngustíga um svæðið teljum við óþarfa þar sem svæðið er stórt og gróður ekki svo viðkvæmur að tjón hljótist af óheftri umferð göngufólks um svæðið. Við teljum aðkallandi að gera nákvæmt kort yfir svæðið, þar sem fram koma leyfðar ökuleiðir og bestu gönguleiðir um svæðið, svo og leiðbeiningar og upplýsingar um helstu hættur sem ferðamenn þurfa að reikna með. Stuðla þarf að dreifingu slíkra upplýsinga til allra ferðamanna sem koma á Heklusvæðið.

Við viljum banna umferð vélknúinna ökutækja utan vega og slóða á auðri jörð, en höfum ekkert að athuga við slíka umferð á þéttum snjó. Girðingar yfir söguleg Hekluhraun skulu einungis leyfðar séu þær nauðsynlegar fyrir verndun svæðisins og spilla ekki ásýnd þess. Þær mega ekki hefta umferð gangandi fólks.

Þó hér sé lögð áhersla á friðun sögulegra hrauna, þarf vissulega að athuga friðun

aðliggjandi svæða ef aðstæður eru slíkar. Til dæmis er eðlilegt að Heklufríðland og Fríðland að Fjallabaki mætist austan Heklu.

Með von um skjót viðbrögð og gott samstarf.

Guðrún Ólafsdóttir
Ólafur Ólafsson

Guðrún Ólafsdóttir, Kristján Gíslason Hölmur
Suzanna Haraldsdóttir, Guðmundur Guðmundsson, Silsundur

Guðm. E. Sigvaldsson

Ólafur Þorvaldsson

Karl Þorvaldsson

Ólafur Ólafsson

Ólafur Ólafsson

Ólafur Ólafsson

Ólafur Ólafsson

Ólafur Ólafsson

Ólafur Ólafsson

Ólafur Ólafsson

Ólafur Ólafsson

Ólafur Ólafsson

Ólafur Ólafsson

Ólafur Ólafsson

Ólafur Ólafsson

Ólafur Ólafsson

Ólafur Ólafsson

Ólafur Ólafsson

Ólafur Ólafsson

Tillaga að Heklufriðlandi. Sjá meðfylgjandi kort.

Austurmörk Heklufriðlands falli saman við vesturmörk Friðlands að Fjallabaki. Að öðru leyti verði markalínur dregnar svo: Úr Laufafelli í Gráfell, þaðan í Gráhraunsnef, þaðan að eyðibýlinu Koti, að Kana-
staðalæk, í Bjólfell, að Gamla-Næfurholti, í Sauðafell, þaðan í Valafell og
loks í Stóra-Melfell.



SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
Erindi nr. P 127/430
komudagur 10.12.2001

Selfossi, 10. desember 2001


Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10,
150 Reykjavík

Á fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, sem haldinn var 5. desember sl., var tekið fyrir erindi frá Alþingi þar sem óskað var umsagnar um tillögu til þingsályktunar um stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni, 158. mál.

Stjórnin mælir með samþykkt tillögunnar, en gerir fyrirvara um stærð þjóðgarðsins m.t.t. landnýtingar.

Þessi umsögn tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS


Þorvarður Hjaltason
frankvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/512
komudagur 14.12.2001



2001110035
9140; 9140

Umhverfisnefnd Alþingis
Helga E. Þórisdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. desember 2001
/--

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni.

Skipulagsstofnun hefur borist erindi umhverfisnefndar Alþingis, dags. 14. nóvember 2001, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni, 158. mál.

Í tillögunni eða greinargerð hennar er ekki afmarkað svæði það sem þjóðgarðurinn næði til. Samkvæmt Svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015 er Hekla á náttúruverndarsvæði. Í skýringum segir um náttúruverndarsvæði: "...ná yfir mikilvægustu og merkustu náttúruminjar hálandisins. Sérstæð eða einstæð svæði vegna landslags, jarðmyndana, gróðurfars eða dýralífs. Þau ná yfir stórar landslagsheildir og óröskuð víðerni, s.s. stóra samfellda hluta gosbeltanna og víðfeðm votlendissvæði." Ekki er í gildi aðalskipulag í Rangárvallahreppi.

Skipulagsstofnun tekur ekki efnislega afstöðu til tillögunnar.

Elín Smáradóttir

Selfossi 23. nóvember 2001

Tilvísun: 2001110088KB/ks

Alþingi - umhverfisnefnd
Helga Þórisdóttir
nefndarritari
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK


Efni: Varðar þingsályktunartillögu um stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni.

Á fundi bæjarráðs Árborgar fimmtudaginn 22. nóvember 2001 var tekið fyrir erindi frá umhverfisnefnd Alþingis, dags. 14. nóvember 2001, með ósk um umsögn um tillögu til þingsályktunar um stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni.

Ekki eru gerðar athugasemdir við tillöguna.

Framangreind afgreiðsla tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst



Karl Björnsson,
bæjarstjóri



SVEITARFÉLAGIÐ
ÖLFUS

RÁÐHÚSI ÖLFUSS • HAFNARBERGI I • 815 ÞORLÁKSHÖFN • SÍMI 480 3800 • FAX 480 3801

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/398
komudagur 7.12.2001

Alþingi, umhverfisnefnd,
b.t. Helgu Þórisdóttur

150 Reykjavík.


Þorlákshöfn, 3. desember 2001.

Á fundi bæjarráðs Ölfuss, fimmtudaginn 22. nóv. s.l. var lögð fram tillaga til þingsályktunar um stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni.

Bæjarráð Ölfuss bendir á að á Heklusvæðinu sé mikil vinnsla á vikri og hafi að minnsta kosti tvö fyrirtæki starfsleyfi til vinnslunnar. Verði af hugmyndum sem fram koma í tillögunni verði að tryggja að sú vinnsla haldist áfram.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Sesselja Jónsdóttir, bæjarstjóri.

Alþingi
Erindi nr. P 127/351
komudagur 5.12.2001

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

05.12.2001

Við þökkum fyrir það tækifæri að fá til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stofnun þjóðgarðs um Heklu og nágrenni 158. mál.

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni er um sérstæða náttúru að ræða á svæðinu. Stofnun þjóðgarðs mun vekja athygli á því og getur orðið vettvangur frekari náttúruskoðunar, útivistar og fræðslu á svæðinu. Því styður Útivist stofnun þjóðgarðs á svæðinu.

Virðingarfyllt

F.h. stjórnar Útivistar
Gunnar H. Hjálmarsson
varaformaður